



Fundur í Skólaráði Víkurskóla 13. apríl 2023 klukkan 16:00

Fundarstaður: Víkurskóli

Mættir eru:

Helga Halldórsdóttir fulltrúi grenndarsamfélags, Þuríður Lilja Valtýsdóttir kennari, Olof Johann Ísólfur Karlsson, fulltrúi nemenda, Björn Vignir Ingason fulltrúi nemenda, fulltrúi nemenda, Stefán Daníel Kristjánsson stuðningsfulltrúi, Bergný Ösp Sigurðardóttir fulltrúi foreldra, Sif Hauksdóttir, kennari og Elín Einarsdóttir, skólustjóri sem stýrði fundi.

Dagskrá

Niðurstöður úr Skólapúlsi foreldra 2023

Elín fór yfir niðurstöður skólapúlsins en svörun var mjög góð. Niðurstöður sýna að ánægja foreldra er jákvæð hvað varðar *nám og kennslu* og *velferð nemenda*. Niðurstöður sýna einnig jákvæða niðurstöðu hvað varðar einelti í skólanum en þar hefur náðst góður árangur með markvissri vinnu. Undir liðnum *aðstaða og þjónusta* má sjá að þar þarfnast úrbóta og mötuneytið er ekki að fá góða niðurstöðu. Foreldrasamstarf er gott að sögn foreldra en væntingar þeirra til háskólanáms er umtalsver minni en á landsmeðaltali. En það er jákvætt að foreldrar hafa væntingar um iðnskólanám.

Niðurstöður Skólapúlsins verða rýnt nánar til úrbóta á starfsdögum á vordögum - umbótaáætlun

Niðurstöður úr Skólapúlsi foreldra forskóladeildar 2023

Þegar Víkurskóli var með forskólann fyrst þá var tekin saman skýrsla en þá vantaði sýn foreldra. Svörun var 100% og var því hægt að birta hana. Niðurstaðan er jákvæð í alla staði að undanskildu mötuneytinu.

Verður rýnt nánar til úrbóta á starfsdögum á vordögum - umbótaáætlun

Skóladagatal 2023-2024

Skóladagatal fyrir næsta skólaár kynnt en einn starfsdagur hefur verið færður frá því það var lagt fyrir síðast. Elín bendir á að jólaleyfið hefist 18. desember og kom athugasemd frá fulltrúa grenndarsamfélagsins um aðhún telji það hefjist of snemma. Elín benti á að settur var einn sparidagur eftir sumardaginn fyrsta til að ná einni langri helgi.

Kenndir verða 175 dagar auk þess verða tveir tvöfaldir dagar og kennslustund á viku til viðbótar við viðmiðunarkennslu á hvern námshóp.

Viðburður á vegum Skólaráðs n.k. haust

Tillaga: <https://www.sjalfsagi.is/fyrirlestrar-fyrir-skola/>

Andleg og líkamleg heilsa

Í þessum fyrirlestri er m.a. farið yfir mikilvægi hreyfingar og réttar líkamsbeitingar þegar kemur að líkamlegri heilsu barna. Einnig fer hann yfir áhrif orkudrykkjaneyslu á svefn og hversu skaðleg mikil neysla á þessum drykkjum getur verið. Þá er einnig farið í hvernig nemendur geta byggt upp sjálfsmynd sína og verið þar með betur undirbúin til að takast á við streitu, mótlæti eða erfiðleika í leik og starfi.

Skólaráð líst vel á þetta val á fyrirlestir ☺

Önnur mál

- a) Skólaráð rýnir Menntastefnu Mýrdalshrepps á einhverju stigi vinnunar.
- b) Fulltrúi grenndarsamfélagsins hrósaði árshátíðinni í alla staði og talaði um að mikill metnaður hefði verur lagður í sýninguna.

Fundi slitið kl. 16:45